

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. febrúar 2017  
UST201701-053/B.S.  
10.05.00

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hálendismiðstöð – Kerlingarfjöll. Tillaga að matsáætlun. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

### **Uppbygging á hálendinu**

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er m.a. fjallað um skipulag á hálendi. Þar er lögð áhersla á að aðaluppbygging ferðamannaáðstöðu verði á svæðum við jaðar miðhálandisins á jaðarmiðstöðvum þar sem gert verður ráð fyrir hærra þjónustustigi en í svonefndum hálendismiðstöðvum. Samkvæmt landsskipulagsstefnunni eru Kerlingarfjöll einn af þeim stöðum þar sem gert er ráð fyrir hálendismiðstöð.

Í landsskipulagsstefnu er uppbygging ferðaþjónustustaða á hálendinu skilgreind með eftirfarandi hætti:

### **Jaðarmiðstöðvar**

- Eru staðsettar við meginleiðir inn á hálendið, á jaðarsvæðum hálendisins og efst í byggð.
- Þjóða upp á alhliða þjónustu við ferðamenn.
- Þjóða upp á möguleika á ferðaþjónustu allan ársins hring.
- Þjóða upp á gistingu á hótélum, gistiheimilum eða í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 og reglugerð nr. 585/2007, auk tjaldstæða.

### **Hálendismiðstöðvar**

- Eru staðsettar við meginleiðir um hálendið.
- Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistingar og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits, en einnig getur verið um einhvern verslunar- og veitingarekstur að ræða.
- Gisting er almennt í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007, enda sé slík gisting aðeins hluti gistiframboðs á viðkomandi stað og falli að öllu leyti að kröfum um óbyggðarupplifun.
- Gert er ráð fyrir samfelldri ferðaþjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímann

Í ofangreindri reglugerð nr. 585/2007 er **hótel** skilgreint á eftirfarandi hátt: Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.

**Gistiskáli** er skilgreindur þannig: Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla fjallaskálar.

Umhverfisstofnun telur að aðalmunur jaðarmiðstöðva annars vegar og hálandismiðstöðva hins vegar felist í því þjónustustigi sem í boði er. Í hálandismiðstöðvum er almennt gert ráð fyrir gistingu við „frumstæðari“ aðstöðu en í jaðarstöðvum. Virðist sú aðstaða að einhverju leyti uppfylla kröfur um „óbyggðaupplifun“.

Hins vegar vill stofnunin benda á að í þeim framkvæmdum sem hér eru til umfjöllunar er um að ræða uppbyggingu á hóteli sem aðalgistimöguleika og framkvæmdirnar því meira í anda jaðarmiðstöðvar heldur en hálandismiðstöðvar. Hafa ber þó í huga að á svæðinu hefur til langs tíma verið umfangsmikil starfsemi, en húsakostur er nú orðinn lélegur og þarfnast viðhalds.

### **Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum**

Umhverfisstofnun taldi á sínum tíma jákvætt að ráðist væri í áfangaskipta uppbyggingu í Kerlingarfjöllum, ekki ósvipað og nú tíðkast við uppbyggingu háhitavirkjana, þannig að unnt væri að kanna viðbrögð ferðamanna og viðkomandi svæðis við aukinni uppbyggingu.

Umhverfisstofnun vill benda á að árið 2016 hófst undirbúningur að friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins. Gert er ráð fyrir að friðlýsingin verði staðfest þegar endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps liggur fyrir. Samkvæmt drögum að friðlýsingarskilmálum sem samþykktir hafa verið af viðkomandi sveitarfélögum er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða á því svæði þar sem hálandismiðstöðinni í Kerlingarfjöllum er ætlaður staður. Í drögunum kemur fram að allar framkvæmdir innan verndarsvæðisins séu háðar leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags, að miða skuli að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar og falli vel að landslagi. Í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda á friðlýstum svæðum er litið til þess hvort að vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar vendar skv. 61. gr.laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sé raskað, að frárennsli verði hreinsað með fullnægjandi hætti sbr. reglugerð um fráveitur og skólp og að frágangur að framkvæmdum loknum sé ætíð til fyrirmyndar. Þó ber að benda á að í drögunum eru settar sérreglur um viðhald núverandi mannvirkja og framkvæmdir sem þegar hafði verið gefið leyfi fyrir og eru í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Ákvæði orðast svo:

„Heimilt er að halda við mannvirkjum, s.s. skálum, vegum og göngubrúm, sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Réttur bænda til nýtingar afréttar til beitar og smölunar helst óbreyttur.

Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði I: Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu í tengslum við móttöku ferðamanna. Leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps þarf til framkvæmda á svæði I, sbr. 1. mgr. Heimildir til framkvæmda sem þegar hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir og eru í samræmi við gildandi deiliskipulag frá árinu 2014 halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar enda verði hvorki raskað vistkerfum né jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um

náttúruvernd, frárennsli verði hreinsað með fullnægjandi hætti sbr. reglugerð um fráveitur og skolp og að frágangur að framkvæmdum loknum sé ætíð til fyrirmyndar.

## Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði II

Á svæðinu er aðeins heimilt að leggja nýjar gönguleiðir og reisa ný mannvirki í tengslum við þær, s.s. göngubrýr og útsýnispalla að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps, sbr. 1. mgr. og í samræmi við deiliskipulag. Aðrar framkvæmdir eru óheimilar. Við veitingu leyfis skal setja skilyrði um að mannvirki skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að svipmóti lands. “

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu skuli gera grein fyrir útrás frá hreinsistöð, getu viðtaka til að taka við auknu álagi og hvort mögulega gæti orðið um áhrif að ræða á aðra starfsemi nærri viðtaka s.s. tjaldsvæði. Þá telur stofnunin að gera þurfi grein fyrir bílastæðum sem annað geta umferð um háannatíma að hálendismiðstöð fullbyggðri skv. hugmyndum framkvæmdaaðila.


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um hvernig áherslur og skilgreiningar landskipulagsstefnu falli að hugmyndum framkvæmdaaðila um uppbyggingu í Kerlingarfjöllum.


Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir þeim áherslum sem gerður er í landskipulagsstefnu á annars vegar jaðarmiðstöðvum og hins vegar hálendismiðstöðvum. Þar sem ætla má að hér sé um að ræða mikilvægt atriði varðandi landnotkun á hálendinu og helst gæti orðið ágreiningur um. Mikilvægt er að hafa í huga að álag á svæði snýst fyrst og fremst um fjölda ferðamanna, ferðatíma, hvaða innviðir eru til staðar, umfang landvörslu auk athafna ferðmanna á viðkomandi svæðum.

Umhverfisstofnun telur að skilgreina þurfi nánar hvað átt er við með hugtakinu óbyggðaupplifun og hvert þol þeirra sem sækjast eftir slíkri upplifun er, til að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort staðið er vörð um möguleikann til að upplifa slíkt.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri